Aniliu liturinn.

1 blað qto. Lausl.þýtt. II -2

Bóm



# Anilín-liturinn.

Í Esterarbók, 8. kapitula, 15. versi stendur:

„En Mordekai gekk út frá konungi í konunglegum skrúða, purpurabláum og hvítum, með stóra gullkórónu og í möttli úr býssus og rauðum purpura; og í borginni Súsan varð gleði mikil og fögnuður."

485–465 f. Kr.

Það var Ahasverus Persakonungur, sem gaf Mordekai skikkju þessa og skrúða allan, en Mordekaí var Júði nokkur í borginni Súsan; „hann var Benjamíníti (kominn af ætt Benjamíns) er fluttur hafði verið frá Jerúsalem með þeim herleiddu, er fluttir voru burt með Jekonja Júdakonungi, þeim er Nebúkadnesar Babelskonungur flutti burt, og hann var fósturfaðir Esterar drottningar, dóttur föðurbróður hans, því að hún var föður- og móðurlaus." (Esterarbók 3. kap.)

Þetta, að liturinn á möttli Mordekais, væri indigolitur, er talin elzta heimildin fyrir þeim lit er menn þekkja.

Grikkir sóttu lit þennan til Gedrosis, sem nú er nefnt Mekran og liggur sú borg vestanvert við ána Indus meðfram ströndinni á ~~indversk~~ Arabíska hafinu.

Plinius, hinn eldri (23–79 e. Kr.) segir að Rómverjar hafi þekt lit þennan eða litarefni og Vitruvius, byggingameistarinn mikli og verkfræðingurinn, sem fylgdi með Cæsari til Gallíu og hjálpaði honum best til að setja saman hernaðarvélar hans, kallar litinn „indverskalitinn".

Síðar meir varð litur þessi verzlunarvara mikil meðal Araba og hinn víðfrægi læknir þeirra og heimspekingur, Avicenna (980–1037) nefnir litinn Anil, eins og hann enn er nefndur þann dag í dag á Spáni, en af þessu orði er nafnið Anilín komið.